

Kennsluáætlun

FARSÍMAR

Stutt skilaboð

(sms/msn/tölvupóstur)



NEMENDAHÓPUR:
10–16 ára

TÍMALENGD:
40 min – 1 klst.



INNGANGUR

Upplýsingaflæði meðal fólks hefur aukist mikið með tilkomu vefsins og farsíma á undanförunum árum. Áður fyrr voru símskeyti notuð til að koma skrifuðum upplýsingum á framfæri og þá þótti mikilvægt að orða skilaboðin skilmerkilega og hafa þau stutt. Í dag gilda svipaðar reglur þegar notaður er tölvupóstur, spjall á netinu og sms-skilaboð. Skilaboðin þurfa að berast fljótt og vera skiljanleg. En hvernig er þróun upplýsingaflæðisins varðandi þessi stuttu skilaboð með skammstöfunum og táknmyndum og hver setur reglurnar?

MARKMIÐ

Markmiðin með þessu verkefni að gera grein fyrir hvernig hægt er að skrifa sama textann á misjöfnu formi og að nemendur verði meðvitaðir um íslenskt mál (og erlenda) og mikilvægi þess að koma frá sér skiljanlegum texta. Mikilvægt er að skammstafanir og táknmyndir séu kunn öllum þeim sem nota netið og farsíma til að forðast misskilning.

Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir þeim siðferðisþáttum varðandi skilaboð sem fara á milli manna þ.e. að það skiptir ekki máli á hvaða formi við skrifum eða til hverra við skrifum að það eru almennar reglur sem þarf að hafa í huga. Þessar reglur er mikilvægt að kennari fari yfir með nemendum og fái þá til að hugsa málið áður en að verkefninu kemur.

FYRIR KENRARANN

Áður en að verkefninu kemur þarf að stýra umræðu í hópnum varðandi efnið og vekja nemendur til umhugsunar varðandi siðferði á netinu.

Gott er að ítreka eftirfarandi heilræði:

Heilræði frá SAFT:

- Ekki gefa hverjum sem er upp símanúmerið þitt og ekki gefa símanúmer upp á netinu.
- Svaraðu ekki textaskilaboðum frá ókunnugum.
- Ekki fara og hitta einhvern sem þú þekkir aðeins í gegnum textaskilaboð eða netið, nema tala við einhvern fullorðinn fyrst og hafa einhvern með þér.
- Fáðu alltaf leyfi áður en þú tekur mynd af öðrum.
- Farðu varlega þegar þú setur myndir á netið. Hver sem er getur náð í þær.
- Börn eiga að láta vita ef þau verða fyrir áreiti með hringingum eða textaskilaboðum.
- Mundu að myndir, textaskilaboð eða símtöl geta valdið öðrum þjáningu. Ekki senda öðrum skeyti sem þú myndir ekki vilja fá sjálf/ur.
- Hafðu tillitssemi og kurteisi að leiðarljósi í samskiptum við aðra.

Einnig er gott að koma með hugflæði (brainstorming) varðandi kosti og galla þess að nota skammstafanir, styttingu á orðum og táknmyndir. Kostirnir gætu verið; sparar tíma, skemmtilegt að skrifa, auðveldara að tala við útlendinga o.s.frv. Gallarnir gætu verið; íslenskukunnáttan tapast, textinn ekki jafn innihaldsríkur, misskilningur vegna óljósra táknmynda eða skammstafanna o.s.frv.



VERKEFNI 1

Um verkefnið

Nemendur fá texta í hendurnar (fer eftir við hvað kennarinn vill tengja verkefnið) og eiga að endurskrifa hann á mismunandi vegu.

Fyrir kennarann - Skipulag kennslustundar

Nemendur fá texta í hendurnar sem getur verið hvaða texti sem er t.d. þekktir dægurlagatextar, þjóðsögur, grein úr dagblaði o.s.frv. Tveir til fjórir nemendur saman í hópi. Vinnublaði dreift til nemenda og þeir hafa ca. 30-60 mínútur (fer eftir lengd textans) til að vinna verkefnið. Hver hópur þarf að ganga í hvert verk einu sinni, en verkin eru 4. Í lok tímans er hægt að láta hvern hóp lesa upp eitt af sínum verkum (ef tími gefst til). Einnig er hægt að láta nemendur vinna þetta verkefni beint á word skjal og senda það svo að lokum sem viðhengi á netfang kennarans (sjá verkefni Tölvupóstur þar sem farið er yfir hvernig viðhengi er sent).

Fyrir nemendur

Texti og textategundir - Verkefnablað

Leysið eftirfarandi verkefni í hópavinnu:

Lesið fyrst textann saman yfir. Vinnið verk 1-4 og skrifið textann á blað/skjal.

Munið að hafa málfar, stíl, stafsetningu, innihald og uppsetningu í samræmi við tegund textans, viðtakanda (lesanda) og birtingarform.

Verk 1

Skrifið persónulegt bréf (tölvupóst) um atburðinn sem lýst er í textanum.

Verk 2

Skrifið slúðursgrein í Séð og Heyrt um atburðinn.

Verk 3

Skráið samtal á msn-formi þar sem tveir einstaklingar ræða um atburðinn. Munið að hér notar fólk gjarnan annað málfar en á öðrum vettvangi, notið t.d. skammstafanir, styttingar á orðum og táknmyndir.

Verk 4

Hvernig myndi innihald textans vera á sms-formi?

Prófið að senda sms þar sem þið segið vini frá atburðinum. Þið megið gjarnan nota síma fyrst og skrá síðan hjá ykkur útkomuna á blaðið/skjalið.



VERKEFNI 2

Um verkefnið

Nemendur eiga að útbúa orðabók með öllum þeim skammstöfunum og tákmyndum sem þeir þekkja varðandi skilaboð sem send eru á milli fólks í farsímum, tölvupósti og sem spjall á netinu.

Fyrir kennarann - Skipulag kennslustundar

Athugið að ræða við nemendur um það hvaða siðferðisreglum við fylgjum í samskiptum okkar við aðra og að við séum ekki að sækjast eftir dónalegum og særandi orðum til að setja á orðalistann okkar.

Eftir umræður eiga krakkarnir að vinna saman tvö til fjögur í hópi.

Verkefnið tekur u.þ.b. 40-60 mínútur. Hver hópur þarf að hafa aðgang að tölvu en vinnur verkefnið á pappírsspjald. Hver hópur þarf að hafa pappír og liti. Hópurinn á svo að útbúa veggspjald með öllum þeim útskýringum á skammstöfunum og tákmyndum sem hann getur fundið. Gott er að húa þeim saman sem eru vel að sér í ensku og láta þá gera veggspjald á ensku. Veggspjöldin má svo hengja upp í tölvustofunni eða í stofu bekkjarins.

Fyrir nemendur

Orðabók - Verkefnablað

Leysið eftirfarandi verkefni saman í hópi, verið tvö til fjögur saman. Þið megið kíkja á netið til að rifja upp hvernig tákmyndirnar líta út en þið eigið að setja upp á spjald eins konar orðalista þ.e. skýringar á skammstöfunum og tákmyndunum. Notið endilega liti og hafið veggspjöldin snyrtileg. Athugið að þessi orðalisti á að vera nýtilegur öllum svo þið verðið að hafa á hreinu hvað skammstöfunin og tákmyndin táknar.

